

Nd.

10. Frumvarp til laga

[10. mál]

um héraðsútvarp.

Flm.: Benedikt Gröndal, Árni Gunnarsson.

1. gr.

Héraðsútvarp fer fram á vegum sjálfseignarstofnana á þann hátt sem greinir í lögum þessum.

Útvarpa má eingöngu á örbylgjum (FM), sem Landssími Íslands leyfir.

Héraðsútvarp skal háð öllum þeim ákvæðum útvarpslaga, nr. 19/1971, sem við geta átt.

2. gr.

Héraðsútvarp einbeitir sér að efni, sem framleitt er í viðkomandi héraði eða snertir það sérstaklega. Það leggur áherslu á staðbundnar fréttir og auglýsingar, en má ekki flytja það efni á sama tíma og fréttir eða auglýsingar eru fluttar í Ríkisútvarpinu.

Héraðsútvarp má vera helgað sérstöku efnisvali, enda brjóti það ekki í bága við útvarpslög.

Héraðsútvarpi er heimilt að endurvarpa eins miklu af dagskrá Ríkisútvarpsins og það óskar án endurgjalds, og skal það ekki hafa áhrif á greiðslutaxta útvarpsins fyrir efni.

Ríkisútvarpinu er heimilt að útvarpa hverju því af efni héraðsútvarps, sem það óskar, án sérstaks endurgjalds. Þó skal Ríkisútvarpið greiða höfundum og flytjendum mismun á greiðslutaxta héraðsútvarps og þess sjálfs fyrir aðfengið efni.

3. gr.

Stofnanir héraðsútvarps geta verið fleiri en ein á hverju svæði.

Héraðsútvarpi stýrir héraðsútvarpsráð skipað sjö mönnum. Það fer með alla stjórn stofnunarinnar, þar á meðal dagskrárstjórn.

Stjórnir sveitarfélaga, sem samþykkja aðild og sendistöð nær til, kjósa sex stjórnarmenn og hafa atkvæðamagn í hlutfalli við íbúafjölda. Útvarpsráð kýs einn stjórnarmann. Héraðsútvarpsráð kýs sér formann, varaformann og ritara.

Sveitarstjórnir geta falið samtökum einstaklinga rekstur héraðsútvarpsstöðvar, og gilda þá sömu ákvæði um stjórn og lög þessi að öðru leyti.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um kosningu og störf héraðsútvarpsráða.

4. gr.

Sveitarstjórnir skulu á þriggja ára fresti endurnýja ákvarðanir um héraðsútvarp. Sé það gert skal á ný kosið til héraðsútvarpsráðs.

Berist menntamálaráðherra rökstuddar kvartanir um hlutdrægni héraðsútvarps er honum heimilt að veita viðkomandi stofnun áminningu. Berist ítrekaðar kvartanir og sé rökstudd ástæða til að ætla sex mánuðum síðar að gróf hlutdrægni haldi áfram getur ráðherra svipt viðkomandi stofnun útvarpsleyfi.

5. gr.

Héraðsútvarpsráð ræður framkvæmdastjóra fyrir héraðsútvarp. Hann ræður annað starfsfólk að fenginni umsögn ráðsins.

6. gr.

Tekjur héraðsútvarps skulu vera sem hér segir:

- 1) Auglýsingatekjur.
- 2) Leggja skal 10% á söluskattsstofn myndbandstækja, myndbanda, segulbandstækja og segulbanda. Útvarpsráð og útvarpsstjóri skipta þessum tekjum milli héraðsútvarpsstöðva.

7. gr.

Menntamálaráðherra ákveður auglýsingataxta fyrir hvert héraðsútvarp.

8. gr.

Ríkisútvarpið veitir héraðsútvarpi hvers konar aðstoð sem það hefur kost á.

Útvarpsstjóri efnir árlega til fundar þar sem mæta formenn og framkvæmdastjórar héraðsútvarpsstofnana og Ríkisútvarpsins. Þar skal fjalla um sameiginleg hagsmunamál og greiða úr hugsanlegum árekstrum. Leysist deilur ekki skal menntamálaráðherra skera úr.

9. gr.

Verði sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum þessum lögð niður renna eignir hennar til Ríkisútvarpsins.

10. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um starfsemi héraðsútvarps samkvæmt lögum þessum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stórstígar framfarir hafa orðið í útvarpstækninni á síðari árum og er hún mun einfaldari og ódýrari en áður var. Af þessum sökum hafa komið fram kröfur um mun meira og fjölbreyttara útvarp en áður, svo og um staðbundið útvarp og sérhæft á ýmsa lund.

Flestar þjóðir hafa á einhvern hátt komið til móts við þessar kröfur, en hafi stjórnvöld ekki gert það hefur víða komið til ólöglegs einkaútvarps, og skipta slíkar stöðvar tugum og hundruðum í sumum löndum.

Algengast hefur verið að mæta þessum nýju aðstæðum með einhvers konar héraðs-útvarpi, þ. e. staðbundnum smástöðvum. Þröngt er um útvarpsstöðvar á langbylgju (sem Ríkisútvarpið notar fyrir aðalstöð sína) og miðbylgju. Hins vegar er rúmt á örbylgju (FM), enda eru stöðvar þar ekki langdrægar og að ýmsu leyti takmarkaðar. Hér er því gert ráð fyrir að íslenskt héraðsútvarp noti eingöngu FM-bylgjur.

Hér á landi hafa verið háværar óskir um fjölbreyttara og frjálssara útvarp. Hefur þótt einhæft að hafa aðeins eina dagskrá Ríkisútvarpsins, auk útvarpsstöðvar varnarliðsins sem mikið er hlustað á við Faxaflóa. Ógerningur er að uppfylla helstu óskir um útvarp með einni dagskrá, hversu vel sem hún er úr garði gerð. Til þess mun þurfa að minnsta kosti þrjár: eina aðallega fyrir talað mál, aðra fyrir dægurtónlist og hina þriðju fyrir aðra tónlist og ýmislegt menningarefni.

Með þessu frumvarpi er reynt að koma til móts við óskir um fjölbreyttara útvarp á þann hátt sem helst virðist raunhæfur við íslenskar aðstæður. Enda þótt héraðsútvarp verði háð útvarpslögunum eins og við getur átt (sérstaklega hvað markmið og óhlutdrægni snertir), mun það njóta mikils frjálssræðis um dagskrárgerð og geta komið við mikilli fjölbreytni. Því yrðu aðeins takmarkanir settar hvað starfslíð snertir, en fámennit líð þýðir óhjákvæmilega einfalda dagskrárgerð. Þrátt fyrir það — og stundum einmitt vegna þess — verður furðumargt hægt að gera og margvíslegar skoðanir um hvers kyns áhugamál ættu að geta fengið útrás.

Óþarfi er að fjalla sérstaklega um hverja grein þessa frumvarps, þær eru auðskildar, en nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.